

**A 1674/præsídiet:**Afgreiðsla:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 16-00070-8

Nefndarálit forsætisnefndar um

**þingmannatillögu um
aukna þátttöku Norðurlandaráðs æskunnar****Tillaga**

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekkert frekar varðandi þingmannatillögu A 1674/præsídiet

Aðdragandi

Flokkahópur jafnaðarmanna í Norðurlandaráði lagði fram þingmannatillögu þar sem hópurinn beinir tilmælum til Norðurlandaráðs um að Norðurlandaráð æskunnar eigi að geta lagt fram eigin þingmannatillögur úr ræðustóli á þingfundum Norðurlandaráðs.

Fram kemur í tillögunni að flokkahópurinn æski þess að í auknum mæli verði hlustað á Norðurlandaráð æskunnar (UNR) og því veitt aukin þátttaka í stjórnálagastarfi Norðurlanda. Bent er á að Norðurlandaráð æskunnar taki mjög virkan þátt og komi fram fyrir hönd ungmenna á vettvangi stjórnálaganna, sem og að á þingi Norðurlandaráðs æskunnar komi fram margar tillögur að nýjum verkefnum. Þar eð unga fólkið hefur beina reynslu af vandamálum, sem varða ungmenni á Norðurlöndum, þá er Norðurlandaráð æskunnar mikilvægur þáttur í að Norðurlöndin höfði til ungs fólks líka í framtíðinni.

Flokkahópur jafnaðarmanna kynnti tillöguna á þemaþingi Norðurlandaráðs í Ósló 19. apríl 2016. Talsmaður flokkahópsins lagði áherslu á að málið hefði grundvallarþýðingu með tilliti til dvínandi kjörsóknar ungs fólks og dræms áhuga þeirra á þátttöku í starfi stjórnálagaflokka. Ennfremur að almenn tortryggni gagnvart stjórnálagum er vandamál á Norðurlöndum og að félagsleg einangrun og öfgavæðing eru til staðar.

Því er þörf á að virkja unga fólkið í stjórnálagastarfi og á þann hátt hleypa lífi í starfsemi Norðurlandaráðs þannig að Norðurlöndin höfði til komandi kynslóða og verði talin skipta máli.

Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Samkvæmt 55. gr. Helsinkisamningsins getur Norðurlandaráð æskunnar ekki lagt fram tillögur í Norðurlandaráði:

55. gr.

Sérhver ríkisstjórn, landsstjórnir Færeyja og Grænlands, stjórn Álandseyja, ráðherranefndin, stjórnarnefnd ráðsins og nefndirnar svo og sérhver fulltrúi hefur tillögurétt í ráðinu.

Forsætisnefndin telur að starf Norðurlandaráðs eigi að höfða til og skipta máli fyrir ungt fólk. Ráðið á því að styðja við þátttöku Norðurlandaráðs æskunnar í stjórnmalastarfi og skapa rými fyrir hugmyndir ungs fólks í norrænu samstarfi.

Norðurlandaráð samþykkti á 68. þingi sínu í Kaupmannahöfn endurskoðaðar starfsreglur þar sem nýrri grein var bætt inn samkvæmt þeirri venju að Norðurlandaráð æskunnar eigi rétt á að taka þátt í fundum forsætisnefndar, sem og nýrri mgr. í grein um rétt Norðurlandaráðs æskunnar til að taka þátt í fundum nefnda.

Forsætisnefndin vonast eftir að geta haldið áfram góðu samstarfi við Norðurlandaráð æskunnar. Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs og forseti Norðurlandaráðs æskunnar munu halda fund 8. desember 2016 þar sem samstarf Norðurlandaráðs og Norðurlandaráðs æskunnar verður rætt.

Keflavík, 28. nóvember 2016

Britt Lundberg (ÅC)

Erkki Tuomioja (sd)

Hans Wallmark (M)

Henrik Dam Kristensen (S)

Karin Gaardsted (S)

Maarit Feldt-Ranta (sd)

Michael Tetzschner (H)

Mikkel Dencker (DF)

Phia Andersson (S)

Ruth Vang (F)

Silja Dögg Gunnarsdóttir (F)

Sonja Mandt (A)

Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Wille Rydman (saml)

Norðurlandaráð

A 1674/præsídiet:

Afgreiðsla:

Forsætisnefnd

Málsnúmer: 16-00070-8